Kópavogi, 27. ágúst 2021
21081290/999.00 BR

Efni: Breyting á þverun og aðkomu á hliðarveg við Álfhólsveg 43

Lagt er til að breytingar verði gerðar á aðkomu að hliðarvegi við Álfhólsveg við hús nr. 43 og gerðar verði breytingar á fyrirkomulagi gangstétta og bílastæða við götuna.

Í dag flæðir gangstétt, bílastæði og akbraut saman við Álfhólsveg 45 og engin afmörkuð gönguleið eða bílastæði eru framan hús nr. 45 og 43a með augljósri hættu fyrir gangandi vegfarendur. Jafnframt orsakar núverandi fyrirkomulag að bílar á leið vestur Álfhólsveg og inn á hliðargötu aki í sumum tilfellum of hratt inn á hliðargötuna þar sem hliðargata og Álfhólsvegur eru í aflíðandi línum.

Götumynd af núverandi aðstæðum. Skjáskot af ja.is

Breytingin felst í að fyrir framan Álfhólsveg 45 og 43a verði gangstétt afmörkuð við eða rétt utan við lóðarmörk og bílastæði afmörkuð í akstursstefnu á milli akbrautar og gangstéttar. Þverun á Álfhólsveg á milli Meltraðar og göngustígs á milli Álfhólsvegar 43 og 43a verður færð til þannig að hún verði bein lína með afmarkaðri upphleyptri og hellulagðri gangbraut. Aðkoma að hliðargötu verður færð lítið eitt til til vesturs og aðkoman að götunni gerð krappari.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Kópavo

Við breytingarnar verða gönguleiðir gerðar skýrari og afmarkaðar frá umferð ökutækja. Bætt verður við graseyjum og hægt að gróðursetja gróður til að gera götumyndina meira aðlaðandi.

Fjöldi mögulegra bílastæða við götuna og fyrir framan hús nr. 43 og 43a mun fækka um eitt til tvö en þau hafa verið mjög óreiðukennd og ekki samkvæmt skipulagi eða samkvæmt góðu umferðaröryggisskipulagi.

Virðingarfyllst,

_____

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10 2026